

Eftirfarandi voru: viðstaddir

Hörður Helgi Helgason, formaður stýrihóps (HHH)

Elfa Ýr Gylfadóttir (EÝG)

Páll Þóhallsson (PÞ)

Aðalheiður Ámundadóttir (AÁ)

Elísabet Pétursdóttir, starfsmaður stýrihóps (EP)

1 Vernd afhjúpenda

AÁ ætlaði að taka saman útlínur að heildarlöggjöf um vernd afhjúpenda fyrir fundinn. Ekki náðist að ganga frá því skjali fyrir fundinn.

AÁ fór þess í stað yfir fyrirbyggjandi skjal á basecamp (roadmap). Hún tjáði hópnum að „uppljóstrunarleiðir“ væru að hennar mati stærsti liðurinn.

Til tals barst hvort sérstakar reglur um uppljóstrunarleiðir væru nauðsynlegar. AÁ taldi skipta miklu máli að skyldur þess sem tekur við upplýsingum frá uppljóstrara verði að einhverju leyti ákveðnar.

EÝG benti á að sér þætti rétt að greina á milli þess hvort móttakandi upplýsinga sé opinber aðili eða einkaaðili.

HHH benti á að það skipti máli hvernig ábendingar berast þegar það kemur að persónuvernd.

AÁ benti á samanburðarrannsókn OECD um efnið þar sem niðurstaðan er að það er betra að hafa ein heildarlög en að hafa þetta á víð og dreif.

EÝG ræddi að hún hefur verið mjög hrifin af þeirri hugmynd að byrja á löggjöf sem myndi gilda í opinberri stjórnsýslu. Hún telur okkur þá hafa kost á að máta inn hvernig reglurnar virka o.s.frv. áður en við förum út í einkageirann.

HHH bað AÁ um að skilgreina lauslega „innri“ og „ytri“ uppljóstrun. AÁ sagði innri uppljóstrun vera þegar einhverju er komið á framfæri innan stofnunar eða annarrar skipulagsheildar. Ytri uppljóstrun er hins vegar þegar aðili fer út fyrir hana með uppljóstrunina, t.d. til fjölmiðils eða á uppljóstrunarvef (t.d. wikileaks).

HHH ræddi að hann teldi beinagrindina geta átt við hið opinbera til að byrja með. Ef vinnan okkar gengur vel þá er hægt að nýta þá vinnu (og þá reynsluna af reglum um hið opinbera) þegar/ef við hefjumst handa við einkageirann.

PÞ benti á að það er stórt atriði í þessu hvort það verði einhver opinber aðili sem tekur við ábendingum.

AÁ ræddi um að umboðsmaður Alþingis er ofhlaðinn verkefnum en hann bendir samt sem áður á það í áliti sínu um innanríkisráðuneyti (ögreglustjóramál) að umboðsmönnum þjóðþinga hafi verið falið að taka við ábendingum. Hún spyr hvort hann kunni að vera að kalla eftir verkefninu?

ÞÞ fjallar um að þetta sé komið í 13. gr. a starfsmannalaga.

AÁ ræddi að það sé aðkallandi að hafa heildarlög um þetta svo að sá sem ætlar að uppljóstra hafi kost á að átta sig á réttindum sínum og skyldum.

AÁ sagði að þetta snúast mest um vernd uppljóstara og traust sem uppljóstrarar bera til kerfisins.

ÞÞ ræddi um nafnleynd uppljóstrara.

HHH benti á að það gæti verið erfitt að hylja hver uppljóstarinn er í einhverjum tilvikum.

ÞÞ benti þá á að UA getur ekki gengið langt í að vernda viðkomandi starfsmanna en í sumum ríkjum hefur verið komið á fót sérstökum óháðum nefndum sem ætlað er að vernda viðkomandi gegn „hefnaraðgerðum“.

EÝG sagði að við þyrftum að hugsa feril uppljóstrunar A-Ö, vísar í uppljóstrunarhandbók Evrópuráðsins (1729/2010). EÝG talaði um að þetta geti orðið gátlisti sem hafður verður til hliðsjónar við samningu lagafrumvarps. HHH hlóð handbókinni inn á basecamp.

Niðurstaða: AÁ leggst yfir þetta og veltir fyrir sér hvort það sé hægt að leggja útlínur að frumvarpi um uppljóstranir innan stjórnsýslunnar. HHH bendir á umsögn Persónuverndar við frumvarp Róberts og setti nýtt skjal inn á basecamp sem gott er að hafa til hliðsjónar við vinnuna.

2 Samskiptavernd og vernd milliliða

ÞÞ hafði svarað tölvupósti frá EP.

AÁ hafði sent drög að frumvarpi. Rætt var um að haldinn yrði vinnufundur um frumvarpsdrögin á milli sjötta og sjöunda fundar.

Niðurstaða: AÁ greindi frá niðurstöðu könnunar hennar á löggjöf Norðurlandanna um lögbann út frá höfundarlögum. Finnland virðist vera eina landið af Norðurlöndunum sem hefur ákvæði um lögbann ef Ísland er frátalið. AÁ sendir okkur fyrst skjal um þessi ákvæði Norðurlandanna. Spurning um að fá óformlegt svar JVG/höfundaréttarnefndar við tillögum um breytingum á höfl. AÁ smíðar þær tillögur.

3 Málskostnaður

ÞÞ sagðist hafa ætlað að athuga hvort Baldur Karl (nemandi) sé tilbúinn að leyfa okkur að skoða ritgerðina sína. Mun ganga í það.

EÝG ræddi um grein sína og KAX sem birtist í Tímariti Lögréttu í lok sumars.

Niðurstaða: Okkur sem stýrihópi sýnist ekki vera tilefni til að hópurinn aðhafist í þessu með beinum hætti. EÝG velti fyrir sér hvort málþing sé ekki tilvalið til að fá umræðu um efnið. Vel tekið af fundarmönnum í að skoða þá hugmynd.

4 Meiðyrðamálaflakk

EÝG tjáði fundarmönnum að til staðar væru ný lög í Bretlandi sem ætlað er að stiga stemmu við því gríðarlega meiðyrðamálaflakki sem átti sér stað í Englandi og Wales. Því kunni að vera minna tilefni en á horfðist fyrir stýrihópin til að aðhafast vegna þessa efnis.

5 Rafræn staðfesta

Fundarmenn voru sammála um að stýrihópurinn mun ekki vinna að verkefnum er varða rafræna staðfestu. HHH mun vinna málinu brautargengi í starfshópi um hagnýtingu Netsins.

6 233. gr. a alm. hgl.

Drög að frumvarpi liggja nú fyrir. Rætt um hvort tilefni sé til að senda það til umsagnar á þessu stigi.

7 Afnám refsinga

Niðurstaða fundarins: ÞÞ ætlar að skoða hvort það megi fella tiltekin ákvæði úr alm. hgl.